

58. Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 3.mars 2015. Fundargerð.

Mætt voru Perla Fanndal formaður, Jón Ingi Cæsarsson, Hjalti Jóhannesson, Jón Einar Jóhannsson, Ingimar Tryggvason, Anna Guðný Egilsdóttir og undirritaður.

1. Rætt um framtíð lóðamála á Oddeyrinni, hvenær lausar byggingarlóðir verða í boði og þá hvar. Nefndur “fleygurinn” milli Hjalteyrargötu og Ægisgötu ásamt auðum lóðum á borð við Lundargötu 1,4 og 17, Norðurgötu 5 og 7 o.fl.
2. Formanni falið að hafa samband við formann Skipulagsnefndar um að halda erindi um framtíða skipulagsmála á Oddeyrinni á Aðalfundi Hverfisnefndar.
3. Hverfisnefnd geldur varhug við mögulegri gistiheimilavæðingu innan hverfis. Vond þróun ef íbúðahúsum fækkar og þar með fjölskyldum. Ekki nógu gott ef hús sem skipulögð eru sem einbýli eru hlutuð niður í smáar leiguíbúðir eða herbergi m.t.t. bílastæðamála. Getur skapað vandræði. Skorað á bæjaryfirvöld að grípa í tauma varðandi slíkar breytingar á íbúðarhúsnæði.
4. Hverfisnefnd vill sjá virkara eftirlit og eftirfylgni með framkvæmdum. Steyptar girðingar eru brotnar niður, lóðum umbylt og breytt í bílastæði eða geymslusvæði fyrir bílhrað að því er virðist án nokkurra athugasemda frá Skipulagsyfirvöldum. Nefndin telur framantalin atriði hljóta að vera leyfisskyld.
5. Þá vill nefnd einnig sjá aukna eftirfylgni í því nýbyggingar séu í samræmi við skipulag og þá byggð sem fyrir er.
6. Rætt enn og aftur ástand gatna m.a. á Oddeyrarskólarringnum.
7. Nefndin telur að á þurfi að halda ákveðinni hugarfarsbreytingu varðandi viðhald og umgengni lóða. Best að bærinn gangi á undan með góðu fordæmi varðandi svæði í sinni eigu og umsjá en einnig mun ekki standa á nefndinni sjálfri í þeim efnum.
8. Ræddar hugmyndir um uppbyggingu á Eiðsvelli. Þær hugmyndir sem fram komu voru m.a.
 - a. *Endurnýjun stígs*
 - i. *Lýsing á svæðinu*
 - ii. *Minnisvarði um Jóhannes á Borg*
 - iii. *Vatnspóstur (svipaður og þeim sem eru á Ráðhústorgi og í Kjarna)*Einnig telur nefnd nauðsynlegt að sögunni á elsta hluta Eyrarinnar sé haldið á lofti með söguskiltum
9. Hverfisnefnd hvetur Ungmennafélag Akureyrar og Þór til að minnast upprunans á Oddeyrinni. (Stórafmæli hjá báðum félögum, Þór 100 ára 6.6.2015 og UFA 110 ára 7.1.2016)
10. Unnið að skipulagningu aðalfundar.

Fundi slitið.

Kaffi Ilmi, Hafnarstræti 107b,
Arnór Bliki Hallmundsson ritari Hverfisnefndar Oddeyrar.